**6.stjórnarfundur EBAK fimmtudaginn 10. ágúst 2023 kl. 15.30**

Mætt voru: Karl Erlendsson formaður, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Valgerður Jónsdóttir, Margrét Alfreðsdóttir, Margrét Marvinsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson og Elín Antonsdóttir.

Fjarverrandi voru Þóra Hjaltadóttir og Helgi Aðalsteinsson.

1. Formaður setti fund kl 15:30
2. Fundargerð framkvæmdaráðs frá 5. apríl tekin fyrir.
    a. Rætt var um þáttöku stjórnarfólks í starfsemi EBAK á vetri komanda s.s. að koma að námskeiðum og fleira. Upp komu hugmyndir en ekkert ákveðið að svo stöddu.
    b. Kjaramálafundur ákveðinn í haust 19.-20. september til að ræða réttindi og kjör eldri borgara. Ákveðið að fá Björn Snæbjörnsson og Þorbjörn Guðmundsson og e.t.v. fleiri til að flytja erindi. Þá var jafnframt rætt um staðssetningu og þótti ákjósanlegast að fá inni í Naustaskóla.
    c. Bókhald. Skrifstofustjóri og gjaldkeri skýrðu frá því að þeir hefðu farið á fund *hjá* bókhaldsstofunni sem séð hefur um bókhald og ársreikninga EBAK undanfarin ár en sú skrifstofa hefur nú verið seld KPMG. Umræður um hvernig best verði að undirbúa bókhaldið í hendur þeim og hver kostnaður muni verða.
    d. Starfsemi næsta vetur. Nefndir hvattar til að gera áætlanir um námskeið og annað þeim tilheyrandi s.s. tíma og húsnæðisþörf. Mikilvægt svo að ekki rekist saman námskeið.
    e. Opnunartími skrifstofu ákveðinn óbreyttur næsta vetur.
    f. Af húsnæðis og búsetumálum er engar fréttir að svo stöddu.
3. Önnur mál
    a. Upp kom hugmynd um að kaupa píluspjöld og koma þeim fyrir í billjardstofunni. Samhljóða samþykkt.
    b. Umræður um að koma á laggirnar íþróttanefnd á vegum félagsins en samþykkt að fresta frekari ákvörðun um það.
    c. Innheimta félagsgjalda gengur vel og eru ca. 93% búin að gera skil.

Margrét D
KEl. KG.
Fvg Valg

d. Rætt var um að mikilvægt væri að koma upp líkbrennsluofni fyrir norðan og var Karli Erlendssyni falið að kanna verð og fleira viðkomandi uppsetningu.
e. Sigurður bar upp málefnið Lífsvirðing og urðu jákvæðar umræður um að kanna það. Var Sigurði falið það verkefni.
f. Rætt var um að fá skipulagsfulltrúa á fund.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 7. September kl 16.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð ritaði Elín Antonsdóttir ritari

Karl Erlendsson

Karl E.

Óli H. Andersson

Elín Antonsd.

Friðrik Vagn Guðjónsson

Valg. Hansd.

Margrét A.